



Fundargerð

Nefnd: **Skipulags- og byggingarnefnd**

Nr. fundar: **94**

Dags: **06.01.2009**

Fundarmenn: Eyþór H. Ólafsson, Kristín Dagbjartsdóttir, Anton Tómasson, Guðrún Friðriksdóttir og Róbert Hlöðversson. Ennfremur sátu fundinn Ármann Ægir Magnússon, fulltrúi fatlaðra, Snorri Baldursson, slökkviliðsstjóri og Guðmundur F. Baldursson skipulags- og byggingarfulltrúi.

Fundurinn var haldinn þriðjudaginn 6. janúar 2008, kl. 17:00 á skrifstofu bæjarins að Sunnumörk 2. Eyþór H. Ólafsson formaður nefndarinnar setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Formaður lagði fram nýtt erindisbréf fyrir skipulags- og byggingarnefnd, dags. 11/12/2008. Umfjöllun um erindisbréfið verður á næsta fundi nefndarinnar. Guðrún vék af fundi undir lið nr. 7. Fundi var slitið kl. 18:20

Mál fyrir fundi

Nr. 1

Málsnr. 200812871361

Heiti máls Álfafell 1, deiliskipulag

Lýsing Málið var á dagskrá 81. og 82. fundar nefndarinnar. Lagt var fram erindi frá Unni Ásu Jónsdóttur, kt. 010962-6099, Álfafelli 1, 810 Hveragerði, dags. 03/03/2008 þar sem óskað er eftir formlegri umfjöllun skipulags- og byggingarnefndar á tillögu að deiliskipulagi lóðarinnar „Álfafell 1“, gerð af Verkfræðistofu Suðurlands, dags. 19/07/2006, breytt 27/03/2008. Á 82. fundi nefndarinnar var lagt til að auglýsa deiliskipulagstillöguna í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Samkvæmt bréfi frá Skipulagsstofnun dags. 3/07/2008 hefur úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála úrskurðað að óheimilt sé að vinna deiliskipulag fyrir einstaka lóðir og skuli deiliskipulag að jafnaði taka til svæða sem mynda heildstæða einingu.

Afgreiðsla *Nefndin telur eðlilegt að gerð verði deiliskipulagstillaga sem taki til alls landnotkunarreits „Í8“ í aðalskipulagi (Hverahvammur-Varmá 2) og hún auglýst sbr. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.*

Nr. 2

Málsnr. 200811431261

Heiti máls Samkeppni um hönnun miðbæjar Hveragerðisbæjar

Lýsing Samtals 17 tillögur bárust. Stefnt er að því að afhending verðlauna fari fram laugardaginn 17. janúar nk.

Afgreiðsla *Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði grein fyrir málinu.*

Nr. 3

Málsnr. 200811281275

Heiti máls Tvöföldun Suðurlandsvegur, breyting á aðalskipulagi

Lýsing Lögð fram breytt tillaga dags. 23/12/2008. Eftirfarandi breytingar hafa verið gerðar frá síðasta fundi: a.

Skipulagsgrunnur í Kambalandi uppfærður. b. Syðsti hluti Vesturmarkar samræmdur við gildandi deiliskipulag Kambalands. c. Landbúnaðarsvæði L1 stækkað. d. Hverfisvernd (H3) í Kambalandi endurskoðuð. e. Reiðleið í Ölfusdal og yfir Hamarinn leiðrétt. f. Hjólástigar sýndir á aðalskipulagsuppdrætti í stað þemakorts. g. Íbúðasvæði í Dals-, Hjalla- og Hólmabrun staðfærð. h. Hluti af opnu svæði til sérstakra nota, O13, minnkað og sýnd blönduð landnotkun.

Afgreiðsla *Skipulags- og byggingarfulltrúi gerði grein fyrir breytingunum.*

Nr. 4

Málsnr. 200812121334

Heiti máls Álfafell 1

Þjóðsknr.nr. 8716-01-99981000

Teg. bygg. Íbúðarhús

Eigandi Unnur Ása Jónsdóttir 0109626099 Sel 2 801 Selfoss

Lýsing Sótt er um byggingarleyfi fyrir niðurrífi á íbúðarhúsi, sem skemmdist í Suðurlandskjálftanum 29/05/2008.

Stærðir 109.8 m² 343.0 m³ **Hönnuður** Ókunnur

Afgreiðsla *Samþykkt samhljóða.*

Nr. 5

Málsnr. 200812741335

Heiti máls Álfahvammur

Þjóðsknr.nr. 8716-01-99981001

Teg. bygg. Íbúðarhús

Eigandi Róbert Páll Pétursson 2208404259 Álfahvammur 810 Hveragerði

Lýsing Lögð fram fyrirspurn um hvort heimilað verði að byggja bílskúr á lóðinni skv. meðfylgjandi uppdráttum.

Byggingarreitir fyrir íbúðarhús, mhl. 05 einnig stækkaður um 2 m til norðurs. Vísað er í mál nr. 3 á 82. fundi nefndarinnar.

Stærðir 37.3 m² 111.0 m³ **Hönnuður** Róbert Páll Pétursson 220840-4259.

Afgreiðsla *Nefndin samþykkir að vísa málinu til gerðar deiliskipulags fyrir svæði sem taki til landnotkunarreits „Í8“ í aðalskipulagi.*

Nr. 6

Málsnr. 200812811336

Heiti máls Birkimörk 13-19

Þjóðsknr.nr. 8716-01-08630130

Teg. bygg. Raðhús

Eigandi Byggingafélagið Mörk ehf 4810071860 Flugumýri 24 270 Mosfellsbær

Lýsing Sótt er um byggingarleyfi fyrir breytingum á innra skipulagi. Stofa og eldhús minnka en við bætist nýtt vinnuherbergi.

Stærðir 432.0 m² 1734.5 m³ **Hönnuður** Kristinn Ragnarsson 120944-2669.

Afgreiðsla *Samþykkt samhljóða.*

Nr. 7

Málsnr. 20081181267

Heiti máls Friðarstaðir

Þjóðsknr.nr. 8716-01-99998100

Teg. bygg.**Eigandi** Diðrik Sæmundsson 2208617249 Friðarstaðir 810 Hveragerði

Lýsing Málið var á dagskrá 93. fundar nefndarinnar. Sótt er um að breyta gróðurhúsi í hesthús fyrir allt að 24 hesta. Lagðar fram breyttar teikningar dags. 12/12/2008. Málið hefur verið grenndarkynnt. Frestur til að gera athugasemdir rann út 5/01/2009. Borist hafa athugasemdir frá Pálínu Sigurjónsdóttur, Varmá 1, 810 Hveragerði, dags. 5/01/2009. Pálína mælist til þess að bæjaryfirvöld gangi fast eftir styrkum girðingum við hesthúsið og að það verði flutt norðar, helst á svipaðar slóðir og önnur útihús á landareigninni. Borist hafa athugasemdir frá Guðrúnu Friðriksdóttur og Sveini Sigurjónssyni, Varmá 2, 810 Hveragerði, dags. 5/01/2009 en þau telja hesthúsið vera of nálægt íbúabyggð og að heppilegra sé að hafa það norðar vegna umfangsins (fjöldi hesta). Auk þess telja þau að hestagerðið sé e.t.v. of lítið fyrir hestana.

Stærðir 240.0 m² 1086.0 m³ **Hönnuður** Erlingur Ingvason 280152-4399

Afgreiðsla *Að teknu tilliti til athugasemda, sem fram komu við grenndarkynningu þá hafnar nefndin staðsetningu hesthúss samkvæmt meðfylgjandi afstöðumynd.*

Nr. 8

Málsnr. 200811381310**Heiti máls** Hveramörk 10**Þjóðskr.nr.** 8716-01-44830100**Teg. bygg.** Íbúðarhús**Eigandi** Dagný S. Sigurmundsdóttir 2011594589 Hveramörk 10 810 Hveragerði

Lýsing Sótt er um byggingarleyfi samkvæmt breyttum á teikningum. Breytingarnar fela í sér stiga milli hæða, þakrými verður innréttað sem íbúðarrými, nýir gluggar koma á þak og gaflveggi. Gildandi teikningar voru samþykktar 07/10/2008. Málið hefur verið grenndarkynnt. Frestur til að gera athugasemdir við breytinguna rann út 31/12/2008. Engar athugasemdir bárust.

Stærðir 117.4 m² 398.1 m³ **Hönnuður** Guðjón Þórisson 220370-3569

Afgreiðsla *Samþykkt samhljóða.*

Nr. 9

Málsnr. 200812561365**Heiti máls** Laufskógar 4**Þjóðskr.nr.** 8716-01-54630040**Teg. bygg.** Íbúðarhús**Eigandi** Katarzyna Maria Narloch 2105782429 Laufskógar 4 810 Hveragerði

Lýsing Sótt er um stöðuleyfi fyrir gámi sem inniheldur byggingareiningar. Staðsetning er í samræmi við meðfylgjandi afstöðumynd

Stærðir 15.0 m² 37.5 m³ **Hönnuður**

Afgreiðsla *Samþykkt samhljóða.*